



## STEFNA VEX UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR OG SJÁLFBÆRNIÁHÆTTU

VEX er rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem hefur það að leiðarljósi að byggja upp betri fyrirtæki með ábyrgum hætti og um leið skila góðri langtíma ávöxtun til fjárfesta. VEX telur að ábyrg og sjálfbær nálgun, gagnvart fyrirtækjum, starfsmönnum, samstarfaðilum og samfélaginu í heild, sé nauðsynlegur hluti virðissköpunar til lengri tíma.

### A. MARKMIÐ

Markmið stefnu VEX um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu er að skilgreina hvernig VEX hyggst stunda ábyrgar fjárfestingar þar sem tekið er á neikvæðum áhrifum og tækifæri nýtt tengd umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum („UFS“) í öllu fjárfestingarferli félagsins, þ.e. frá fyrstu skoðun, á eignarhaldstíma og til útgöngu („fjárfestingarferlið“). Jafnframt að gera grein fyrir hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt inn í ákvörðunartöku og eignarhaldstíma fjárfestinga.

Sem hluti af skuldbindingu VEX um að stunda ábyrgar fjárfestingar hyggst félagið nýta sér vettvang samtaka um ábyrgar fjárfestingar til að efla þekkingu í málaflokknum og taka þátt í umræðum honum tengdum. Í því samhengi hefur VEX gerst aðili að Iceland SIF og aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar („UN PRI“).

Stefna þessi er m.a. sett fram í samræmi við reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“).

Stjórn VEX mun árlega, eða oftár ef við á, endurskoða stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu.

### B. SJÁLFBÆRNIÁHÆTTA

Samkvæmt 6. grein SFDR reglugerðarinnar ber aðilum á fjármálamörkuðum að upplýsa um hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt í fjárfestingarferli félagsins. Í reglugerðinni er sjálfbærniáhætta skilgreind sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá, sem gæti, ef raungerist, haft raunveruleg eða hugsanlega veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingar.

Frekari upplýsingar um hlítni VEX við SFDR má finna í yfirlýsingu um neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact, PAI, on sustainability factors) hér að neðan og í starfskjarastefnu félagsins.

### C. INNLEIÐING OG ÁBYRGÐ - ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Stjórnendur VEX bera ábyrgð á innleiðingu stefnu VEX um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu. Þeir koma að því að móta UFS stefnu í þeim félögum sem fjárfest er í, í samvinnu við stjórnir og stjórnendur þeirra. Stjórnendateymi hvers félags ber svo ábyrgð á stefnunni, innleiðingu aðgerðaáætlunar og að haga rekstri til samræmis við sett markmið.

VEX mun stunda ábyrgar fjárfestingar með því að:

- a) Innleiða skoðun UFS þátta í greiningu og ákvörðunartökufæri fjárfestinga.
- b) Meta helstu áhættuþætti og tækifæri tengd UFS málum í áreiðanleikakönnunum.
- c) Í kjölfarið, eins og við á, vinna að framgangi UFS mála í samstarfi við þau fyrirtæki sem VEX fjárfestir í eða fjármagnar.



- d) Halda fjárfestum og öðrum haghöfum upplýstum á gagnsæjan hátt um nálgun, framgang og markmið félagsins í ábyrgum fjárfestingum.
- e) Vinna að framgangi ábyrgra fjárfestinga með samstarfi og samræðum við aðra eignastýringaraðila, samtök um ábyrgar fjárfestingar og aðra haghafa.
- f) Viðhalda góðum stjórnar- og starfsháttum VEX og að stunda ábyrgar fjárfestingar í samræmi við stefnu félagsins þar um.

Sérstaklega skal tekið fram að áhrif og aðkoma VEX getur verið mjög mismunandi eftir verkefnum og á milli eignaflokka. Þar sem VEX hefur takmörkuð áhrif mun félagið notast við viðeigandi hluta þessarar stefnu. Þá getur VEX á hverjum tíma nýtt sér aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa við framfylgd stefnunnar þ.m.t. við framkvæmd UFS áreiðanleikakannanna og/eða til að greina lykilhættuþætti.

#### D. SJÁLFBÆRNIÁHÆTTA Í FJÁRFESTINGARFERLI

Þýðing, alvarleiki og mikilvægi sjálfbærniáhættu getur verið breytileg á milli eignaflokka. Sjálfbærniáhætta er ekki fráskilin heldur hluti að hefðbundni áhættustýringu félagsins í fjárfestingarferli en greining þessara þátta fer meðal annars fram í áreiðanleikakönnun félagsins (nánar í viðauka). Tvíþætt mikilvægisgreining við áreiðanleikakönnun gerir félaginu kleift að skilgreina þau áhrif, áhættur og tækifæri sem felast í fjárfestingarákvörðunum þess. Á meðan ákvörðunartöku og eignarhaldstíma stendur gerir VEX viðeigandi ráðstafanir til þess að ganga úr skugga um að ákvarðanir félagsins valdi ekki verulegu tjóni á öðrum sviðum sem koma að fjárfestingum þess.

Sjálfbærniáhættu má skipta í umhverfistengda, félagslega, eða stjórnarháttarlega áhættu. Sem dæmi úr þessum flokkum má nefna:

	Umhverfistengd áhætta	Félagsleg áhætta	Stjórnarháttarleg áhætta
Fjárhagsleg áhætta á starfsemi	Umbreytingaráhætta á sviði loftlagsmála t.d. kolefnisskattur	Lagaleg og fjárhagsleg áhætta vegna öryggis starfsmanna og mannréttinda í virðisbætur	Áhætta vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar
Áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag	Umhverfisáhrif af starfsemi t.d. meðferð spilliefna eða losun gróðurhúsalofttegunda	Ófullnægjandi stuðningur við fjölbreytileika, inngildingu og jöfnuð	Áhrif grænþvottar á stuðning almennings við umhverfisvæn verkefni

#### E. NÁLGUN Á SKOÐUN OG STJÓRNUN UFS ÞÁTTA Í FJÁRFESTINGARFERLINU

##### E.1 Skoðun fjárfestinga

Við fyrsta mat á fýsileika fjárfestingar fer fram frum-UFS skoðun þar sem metið er hvort það séu einhver alvarleg UFS mál eða orðsporsáhætta til staðar sem vekja þarf athygli á í fyrstu kynningu til fjárfestingarráðs viðkomandi sjóðs. Í þeim tilfellum er metið hvort áhættan sé óásættanleg, og fjárfestingartækifærinu hafnað á þeim grundvelli, eða hvort hægt sé að grípa til úrbóta. Ef ákveðið er að skoða fjárfestingartækifærið frekar er farið í nánari greiningar, áreiðanleikakannanir og viðræður.

##### — UFS áreiðanleikakannanir:

- VEX mun við mat á fjárfestingum taka tillit til UFS mála við framkvæmd áreiðanleikakannanna. Umfang áreiðanleikakannanna tekur mið af foráhættugreiningu þar sem mat er lagt á áhættustig mismunandi áhættuþátta (nánar í viðauka). VEX mun nota eigin spurningalista við gerð



- áreiðanleikakannanna og styðjast m.a. við aðferðafræði frá „Sustainability Accounting Standards Board“ (SASB) til að meta vægi lykiláhættuþátta. Lykiláhættuþættir og vægi þeirra taka mið af þeim atvinnugreinum og mörkuðum sem viðkomandi félag starfar á auk þess að horfa til stjórnarháttanna félagsins.
- Nálgun VEX felst ekki eingöngu í að lágmarka áhættu í UFS málum heldur einnig í að finna tækifæri sem stuðla að aukinni virðissköpun s.s. með lágmarkun sóunar eða bættri orkunotkun. Á grundvelli áreiðanleikakönnunar er gerð aðgerðaáætlun næstu ára sem ætlað er að taka á nauðsynlegum umbótum sem þörf er á til að félagið starfi samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til þess og til að nýta tækifæri sem til staðar eru.
- Niðurstöður áreiðanleikakannanna og annarra UFS greininga eru hluti af fýsileikamati og kynningu á viðkomandi fjárfestingartækifæri.

#### — **Hluthafasamkomulag:**

- Þar sem við á eru sett inn ákvæði um UFS mál í hluthafasamkomulag þar sem aðilar skuldbinda sig til að framfylgja þeirri aðgerðaáætlun sem mótuð hefur verið og veita reglulega upplýsingar um framgang og stöðu mála.

#### E.2 Eignarhald

VEX mun á eignarhaldstíma sínum vinna með og eiga í reglulegum samskiptum við stjórnendur og stjórnir fyrirtækja í eignasafni sínu til að tryggja eftirfylgni með viðeigandi stöðlum, samkomulögum og aðgerðaáætlunum sem settar hafa verið fram í aðdraganda fjárfestingar.

Eftirfylgninni er háttað með eftirfarandi hætti:

#### — **Fylgjast með framgangi og styðja við eftirfylgni í UFS málum fyrirtækja:**

- VEX mun vinna með fyrirtækjunum að því að vakta og styðja við framgang UFS mála sem upp komu í áreiðanleikakönnunum. VEX mun að minnsta kosti árlega, ásamt stjórn og stjórnendum, fara yfir stöðu og þróun UFS mála frá fjárfestingu, stýringu á helstu áhættuþáttum og nýtingu mögulegra tækifæra.
- VEX mun aðstoða og veita fyrirtækjunum leiðsögn við að koma upp nauðsynlegum innviðum og vinnubrögðum til að setja sér markmið og lykilmælikvarða í UFS málum og mæla framgang og árangur. Í kjölfarið mun VEX, sem hluti af skýrslugjöf og eftirfylgni, óska eftir að félög svari árlega spurningalista um lykilmælikvarða sem snúa að UFS málum og mun taka bæði á almennum þáttum og áherslum viðkomandi fyrirtækis.

#### — **Gagnsæ og ábyrg upplýsingagjöf til fjárfesta:**

- Árleg yfirferð á aðalfundum yfir frammistöðu eignasafns í UFS málum.
- Þegar um alvarlegt UFS atvik er að ræða eru haldnir upplýsingafundir með hagsmunaráði viðkomandi sjóðs þar sem farið er ítarlega yfir atvikið og til hvað aðgerða og lagfæringa verði gripið. Umfjöllun um alvarleg atvik tengd UFS málum, ef einhver eru, verða hluti af ársfjórðungslegum fréttabréfum til fjárfesta.

#### — **Hugað að góðum stjórnháttum:**

- VEX stuðlar að góðum stjórnarháttum til að tryggja gagnsæi og til að takmarka hagsmunaárekstra.
- VEX leggur áherslu á að tryggja ánægju starfsmanna og jöfn tækifæri við ráðningar, stöðuhækkanir og ákvarðanir um starfskjör.

#### E.3 Útganga



VEX hefur sannfæringu fyrir því að áhersla á ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu skili auknu virði við útgöngu fjárfestinga. Aukið virði felst ekki eingöngu í þeim virðisskapandi UFS aðgerðum sem farið er í á eignarhaldstíma heldur einnig í því að laða að kaupendur sem leggja áherslu á UFS mál og með því að lágmarka orðsporáhættu í kjölfar sölu. VEX mun veita viðeigandi upplýsingar um stöðu UFS mála í gögnum til mögulegra kaupenda.

Markmið VEX við útgöngu er að félög séu á betri stað en þegar fjárfest var í þeim. Að sjóðir í rekstri félagsins hafi haft jákvæð áhrif á framgang félaga í þeirra eigu á eignarhaldstíma og að félög séu í betri stöðu til að halda áfram að dafna á sjálfbærnan og ábyrgan hátt eftir eignarhaldstíma VEX.

#### F. Neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti - (e. PAI)

Í SFDR reglugerðinni eru settir fram sjálfbærnisvísar (e. PAI indicators) sem nýtast við mat á mögulegum neikvæðum áhrifum fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti. Umræddir vísar snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum, málefnum starfsfólks ásamt virðingu fyrir mannréttindum og aðgerðum gegn spillingu og mútum. Fjárfestingarákvæðanir geta haft margvísleg áhrif, jákvæð sem og neikvæð, á sjálfbærniþætti og eiga umræddir vísar að aðstoða aðila á fjármálamarkaði við að bera kennsl á slík áhrif.

Vex hefur ekki, að svo stöddu, innleitt formlegt ferli við mat á neikvæðum áhrifum fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti í samræmi við 4. grein SFDR reglugerðarinnar. Félagið telur að nógildandi stefnur, vinnulag við áreiðanleikakannanir og aðferðafræði við ábyrgar fjárfestingar sé fullnægjandi til að bera kennsl á möguleg neikvæð áhrif í fjárfestingarferli félagsins með tilliti til umfangs. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð í takt við umfang fjárfestinga og þróun á regluverki og gæðum ófjárhagslegra upplýsinga.

Samþykkt af stjórn VEX þann 21. desember 2020  
Þannig breytt og samþykkt af stjórn þann 7. nóvember 2023  
Þannig breytt og samþykkt af stjórn þann 31. janúar 2025



## Viðauki – Umfang áreiðanleikakannanna

### Takmörkuð áreiðanleikakönnun

- Yfirferð yfir UFS efni frá fyrirtækinu
- UFS spurningalisti (í takt við foráhættugreiningu)
- Greining á helstu mælikvörðum og áhættum byggt á SASB og tvíþátta mikilvægisgreiningu
- Greining á helstu tækifærum
- Skoðun á frekari gögnum (Supporting documentation requested):
  - Stefnur í UFS málum
  - Skýrslur um UFS mál útbúnar af félaginu eða þriðja aðila
  - Skrifleg yfirlýsing frá fyrirtækinu um að lögum og reglum sé fylgt
- Möguleg frekari skoðun:
  - Skoðun á fréttum tengdum fyrirtækinu t.d er varðar sektir eða dómsmál
  - Athugun á rannsóknum og/eða kröfum um úrbætur frá eftirlitsaðilum
  - Staðfesting á að öll leyfi séu til staðar
  - Skoðun á málaferlum sem fyrirtæki hefur verið hluti af síðustu ár til að greina mögulegar skuldbindingar sem gætu haft áhrif á framtíðarrekstur.

### Ítarlegri áreiðanleikakönnun

- Sömu atriði og í takmarkaðri áreiðanleikakönnun
- Ítarlegri UFS spurningarlisti í samræmi við foráhættugreiningu
- Minnisblað um helstu áhættuþætti og úrbætur

### Full áreiðanleikakönnun

- Sömu atriði og í ítarlegri áreiðanleikakönnun
- Allur UFS spurningalisti lagður fram
- Ytri ráðgjafi fengin til að gera frekari áreiðanleikakönnun eftir þörfum
- Samtöl við stjórnendur til að leggja mat á:
  - Ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að taka á UFS þáttum tengdum rekstrinum
  - Ferli og kerfi til að takast á við framangreinda þætti
  - Söguleg tilfelli þar sem um var að ræða brot á lögum eða reglum, sektir, málaferli, neikvæðan fréttáflutning eða kvartanir frá haghöfum.
- Vettvangsskoðun:
  - Leggja mat á UFS áhættur sem upp komu við skoðun og kanna hvernig stýringu á þeim er háttað.
  - Eiga samtöl við millistjórnendur og aðra starfsmenn, þar sem við á, um hvernig tekið er á UFS áhættum.

### Hlekkir

- SASB gagnagrunnur: Yfirlit yfir lykilmælikvarða eftir atvinnugreinum <https://materiality.sasb.org>
- Nasdaq ESG KPIs <https://business.nasdaq.com/esg-guide/>